

nefndasvid@althingi.is

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Mývatni 27. apríl 2017

Umsögn Geo Travel ehf. við þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun 2018-2022, mál nr. 402 á 146. þingfundi.

Geo Travel er lítið dagsferða- og afþreyingarfyrirtæki í Mývatnssveit með áherslu á fræðandi ferðir og sér lausnir fyrir smærri hópa. Hjá fyrirtækinu, sem er 6 ára gamalt, starfa frá 2-4 manns eftir árstíðum.

Geo Travel setur spurningamerki við þá fyrirætlan í fjármálaáætlun 2018-2022 að setja alla ferðaþjónustu í efra þrep virðisaukaskatts. Stutt er síðan 11% virðisaukaskattur var lagður á starfsemina, sem kallaði á tilsvarendi verðhækkun á sama tíma og verð í erlendum gjaldmiðlum hækkaði verulega vegna gengisstyrkingar krónunnar. Við gerum ekki athugasemdir við að vera í vsk kerfinu, en það mun taka tíma, nokkur ár fyrir okkur að laga reksturinn að því sem við vorum þegar komin í, þ.e. lægra þrepinu, þannig að ekki er á bætandi að senda okkur rakleiðis í hæsta vaskþrep strax á næsta ári.

Af þessum áformum má dæma að skilningur yfirvalda á ferðaþjónustunni sem atvinnugrein sé mjög takmarkaður og sárt að horfa upp á að enn sé lítið á eina stærstu atvinnugrein landsbyggðar sem stundarfyrirbæri.

Í ferðaþjónustu sem er ein stærsta atvinnugrein landsins eru verðskrár kynntar með löngum fyrirvara, algengt er að það taki 2-3ár að þróa viðskiptasambönd við kaupendur erlendis og mikilvægt að standa við gefin fyrirheit til að halda tiltrú okkar kaupenda. Nú þegar með þessari tillögu hefur orðið skaði þar sem óvissan hefur í för með sér að ekki er hægt að gefa út verðskrá fyrir árið 2018.

Að reka lítið ferðaþjónustufyrirtæki í Mývatnssveit er ekki einfalt, enn búum við við gríðarlega árstíðarsveiflu og ef rýnt er í tölur ferðamálastofu er augljóst að fjölgun ferðamanna yfir vetrarmánuði hefur gengið mun hægar í hinum dreifðari byggðum en á Suð vestur horninu. Í raun er það svo að enn loka sum fyrirtæki á einhverjum tíma vetrar en síðustu ár vegna aukningar á vetrarferðalöngum bætast alltaf fleiri fyrirtæki við sem geta haft opið, staðan er því viðkvæm fyrir þessi fyrirtæki líkt og okkar.

En við höfum mikla trú á svæðinu, á síðustu 10 árum höfum við séð gríðarlegar og jákvæðar breytingar fyrir rekstur af þessu tagi, en líka samfélagslegar. Stór hópur af ungu fólki, kynslóð sem ólst upp hér í Mývatnssveit er að flytja heim til baka til að vinna við þau fjölmörgu störf sem ferðaþjónustan skapar, sjaldan ef nokkurtímann hafa verið jafn mörg tækifæri fyrir ungt fólk á landsbyggðinni líkt og nú.

Skilaboð okkar til þingmanna eru að það sem við erum að byggja upp skiptir máli fyrir framtíð landsins. Ferðaþjónustan er sú grein sem helst getur stuðlað að jákvæðri byggðaðróun, hvort sem er hér í Mývatnssveit eða annars staðar. Hún laðar fólk á staðinn og hvetur það til að búa í þessu fallega landi. Tækifærin sem ferðaþjónustan býður eru skemmtileg og fjölbreytt, hvort sem við erum að tala um veitingarekstur, gistingu, afþreyingu eða annað sem höfðar til ferðamanna.

Vinsamlegast takið ekki vanhugsaðar ákvarðanir sem geta haft ófyrirsjáanleg áhrif á framtíð heilu byggðarlaganna.

Anton Freyr Birgisson, framkvæmdastjóri

Geo Travel ehf.

Geiteyjarströnd 1

660 Mývatn

<http://geotravel.is>